



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8. apríl 2021

2103039SA TP
Málalykill: 00.63

Efni: Ný þýðing á Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks - 568. mál 151. lþ.

Vísað er til umsagnarbeiðnar dags. 18. mars 2021 þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um nýja þýðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur vel hafa tekist til með nýja þýðingu og gerir ekki efnislegar athugasemdir við breytt orðalag.

Með nákvæmari þýðingu á tilteknum greinum sáttmálans verður auðveldara en ella að greina áhrif sem munu hljóttast af áformaðri lögfestingu sáttmálans, sbr. þingsályktun nr. 33/149 sem samþykkt var þann 3. júní 2019.

Sambandið vekur sérstaka athygli á að í nýrri þýðingu er skerpt á skyldu skv. b-lið 1. mgr. 27. gr. sáttmálans til þess að framfylgja launajafnrétti gagnvart fötluðu fólki á vinnumarkaði með því að tiltekið er að vernda skuli réttinn til sama endurgjalds fyrir jafnverðmæt störf.

Að mati sambandsins er markmið þessa ákvæðis að tryggja skuli - óháð fötlun - sama endurgjald fyrir jafnverðmætt framlag í vinnusambandi. Alþingi hefur tekið af skarið um að þessi meginregla gildir á vinnumarkaði sbr. einkum 9. gr. laga nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Í þeirri lagagrein er kveðið á um að endurgjald taki bæði til launa og annarra kjara. Til launa í skilningi laganna telst það sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.

Fyrir liggur að nokkuð er í land að innleiða þessa meginreglu auk þess sem margt er óunnið hvað það varðar að skipulag á vinnumarkaði taki nægilega tillit til skertrar eða mismunandi starfsgetu. Mikilvægt er að samhliða gerð frumvarps um lögfestingu sáttmálans verði unnið vandað áhrifamat þar sem greint er hvernig nýjar skyldur horfa við aðilum á vinnumarkaði.

Í umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um málið er lögð áhersla á að almennar athugasemdir við einstakar greinar sáttmálans (e. general comments) verði þýddar á íslensku. Sambandið tekur undir þessa áherslu og telur rétt að ráðuneyti sem ábyrgð ber á innleiðingu sáttmálans annist einnig útgáfu á slíkum þýðingum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri